

Fundargerð

168. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Þriðjudaginn 3. júlí 2012 kl. 13⁰⁰–14¹⁵.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) Íris Gunnarsdóttir (ÍG), fundarritari
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Halldór Haraldsson (HH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir (BG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- 1) Fundargerð síðasta fundar.
- 2) Ráðstöfunar- og flutningsgreiðslur
- 3) Rekstur – janúar til maí 2012
- 4) Yfirlit yfir nýja þjónustuaðila og ráðstöfunaraðila
- 5) Ósk um tilnefningu í starfshóp UMHV vegna innleiðingar á úrgangstilskipun
- 6) Kjaramál

Tekinn er fyrir liður 6.

6. Kjaramál

Kjaramál rædd í beinu framhaldi af stýrningardarfundum þar sem kjaramál voru síðasta mál á dagskrá.

Guðmundur setti fundinn, fól BS að stýra honum og fór af fundi kl 13.15

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (167. Fundar). *Engar athugasemdir voru gerðar*

2. Ráðstöfunar og flutningagreiðslur

BS kynnti málið og bað ÓK að segja frá

ÓK fór yfir helstu atriði til umræðu undir þessum lið og kvað það brýnast að taka ákvörðun um að breyta greiðslum fyrir spilliefni vegna hækkunar hjá Kólku

ÓK rifjaði upp frá síðasta fundi tillögu um breytingar á fyrirkomulagi og greiðslum fyrir flutninga á pappa- og plastumbúðum.

Í núverandi fyrirkomulagi er aðeins gert ráð fyrir að umbúðir séu fluttar út frá Reykjavík og að umbúðir séu fluttar baggaðar í gámum frá Akureyri til Reykjavíkur - tilbúnar til útflutnings Í nýju fyrirkomulagi verður gert ráð fyrir að umbúðir verði einnig fluttar út frá Reyðarfirði, auk þess sem gert er ráð fyrir að umbúðir verði baggaðar - tilbúnar til útflutnings á eftirfarandi stöðum: Reykjavík, Ísafirði, Sauðárkrók, Akureyri og Reyðarfirði.

GGÞ kom aftur inn á fundinn 13.30

5. Starfshópur vegna endurskoðunar á úrgangslöggjöf.

GGÞ leggur til að ÓK og ÍG verði tilnefnd til ráðuneytisins.

Samþykkt.

2. Ráðstöfunar og flutningagreiðslur- frh

ÓK kynnti gjaldskrárhækkun Kölku sem tók gildi þann 1. júlí. Þar hækkar kostnaður við brennslu sumra spilliefna nokkuð. Lögð fram gögn i) og j) þar sem sú hækkun er sýnd í krónum og prósentum. ÍG benti á að greiðslur fyrir endurvinnslu smurolíu verði lægri en fyrir orkuvinnslu.

Ákveðið að hækka greiðslur spilliefna sem nemur því sem brennslan hækkar og taka út orkuvinnslu sem ráðstöfunarleið fyrir smurolíu.

ÓK gerði stuttlega grein fyrir fyrirhugaðri endurskoðun á spilliefnaflokkunum.

GGÞ yfirgaf fundinn klukkan 13.55

Sjóður pappaumbúða er neikvæður sem er afleiðing hækkunar á greiðslum fyrir pappaumbúðir, í kjölfar hrunsins, ásamt mikilli aukningu í söfnun. Á síðasta ári var flokkurinn rekinn með tæplega 7 milljóna kr. tapi - áætlun gerði ráð fyrir 25 - 30 milljóna kr. afgangi. Söfnun og ráðstöfun jókst mjög mikið milli ára og var endurvinnsluhlutfallið 77%. Úrvinnslusjóði er gert að ná 60% endurvinnsluhlutfalli.

Fyrir liggur að ná jafnvægi í rekstur vöruflokksins á næstu 3 - 4 árum. Til þess þarf annað hvort eða hvoru tveggja að hækka úrvinnslugjaldið eða lækka greiðslur til þjónustuaðila.

Næsti fundur ákveðinn 16. júlí 2012. kl. 12.00

Fundi slitið kl 14:15

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs